



Ásgeir Þorsteinsson, bréf 23. mars 1953, ásamt greinargerð um stjórnarskrármálið

Bjarni Benediktsson – Ásgeir Þorsteinsson - 23. mars 1953 - greinargerð um stjórnarskrármálið

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-9, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÁSGEIR ÞORSTEINSSON

VERKFRÆÐINGUR
M.V.I.
REYKJAVÍK - ÍSLAND

Reykjavík, 20/3 - 53

Kæri Bjarni Benediktsson

Efni fundinum p. 16. óskaði
Gunnar Thordsson efri þér, að þú
að sjá plaggit, sem ég las upp á
fundinum.

Því mið þér sétt, að senda
þér einnig sétt sentak.

Með bestu kveðju

þúin

Ásgeir Þorsteinsson

16/3/53
A.P.

Stjórnarskrármálið.

Í hinni greinagóðu frumræðu utanríkisráðherra, sem bar vitni um gjörhugsað mál, voru þó ýmis atriði þess eðlis, að maður finnur hjá sér löngun til þess að leggja nokkur orð í belg. Stjórnarskrármálið þarf vissulega með ítarlegrar athugunar löglærðra manna, en þó er jafn nauðsynlegt, að fólk af öðrum stéttum, án nokkurrar lögfræðilegrar menntunar, geri sér fulla grein fyrir þeim frumatriðum sem stjórnarskrá verður að vera reist á. Stjórnarskráin er mannréttindaskjal þegnanna, þar sem skráð eru þau lögmál fyrst og fremst, sem varða einstaklinginn, og svo viðhorf hans til þjóðarheildarinnar. Þessu næst er hún umboðsskrá þeirra manna og stofnana, sem fara með stjórnarvöld fyrir þegnana. Í hana má ekkert vanta, sem máli skiptir fyrir rétta tilskipun lýðræðislegs þjóðfélags. Boðorð hennar eiga að vera ákveðin og örugg, svo að breytinga sé sem minnst þörf. Enda á ekki að breyta stjórnarskrá nema með mestu varfærni, og fullu öryggi um, að ekki sé teflt á tæpt vað, hvað snertir framkvæmd lýðræðishugsjónarinnar. Þar má ekkert finnast, sem er í beinni eða óbeinni mótsögn við lýðræðiskenningar og lýðræðislegan rétt. En í stjórnarskrá á ekki að hruga neinu því, sem er ber-sýnilega háð eðlilegri þróun, svo sem fólksfjölgun í landinu, flutningi fólks frá einu athafnasvæði í annað, breytingum á atvinnuháttum o.p.h., M.ö. orðum, í stjórnarskrá á ekki að setja málefni, sem eðlilegt er að breyta með venjulegri lagasetningu, eftir því sem breyttar kringum-stæður í landinu krefjast.

Ég ætla þá að leyfa mér að taka fyrir einstök atriði.

Stjórnarvöldin.

Vér höfum vanizt því, síðan fyrst var sett stjórnarskrá, að skipta stjórnarvöldunum í þrennt. En í núgildandi stjórnarskrá er

þetta gert á mjög mismunandi hátt.

Löggjafarvaldið er skilgreint skýrt og ákveðið.

Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Alþingi er þar aðaladilinn, en forsetinn er varaadili og jafnframt eins konar endurskoðandi þjóðarheildarinnar, sem hann getur skotið málum til, telji hann þörf á því.

Frankvæmdavaldið er aftur á móti svo illa skilgreint, að furðu sætir. Orðalagið er þannig: Forseti og önnur stjórnarvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdavaldið. Loðnara var áreiðanlega ekki hægt að orða þetta. Einhver stjórnkænska hefur eflaust legið á bak við þetta orðalag, og þá sennilega sú, að binda hendur forsetans sem allra mest.

Ég er þeirrar skoðunar, að forsetaembættinu hafi með þessu verið lífíll sómi sýndur, og er það ekki vansalaust um virðulegasta embætti þjóðarinnar, sem þegnarnir kjósa í milliliðalaust. Forsetinn á sem sé að fara með framkvæmdavaldið, ásamt með einhverjum huldumönnum, sem ekki er hirt um að nefna í stjórnarskránni. Þó er það vitað, að allan þann tíma, sem stjórnin hefur verið innlend, hefur Alþingi haft langmest afskipti af því, hverjir fari með þetta vald. Og það hefur verið talið svo sjálfsagt, að Alþingi hefði þessi afskipti, að þegar ríkisstjórinn neyddist til að láta aðra fara með valdið en fulltrúa tilnefnda af Alþingi, urðu menn fyrir miklum vonbrigðum, að ekki sé meira sagt. En þó/^{er}Alþingi ekki nefnt á nafn í stjórnarskránni í sambandi við framkvæmdavaldið. Augljóst er, að þessu þarf að breyta.

Ég skal ekki fara inn á forsetakjörið á s.l. sumri, hið fyrsta þjóðarkjör í forsetaembættið, þótt ástæða væri til þess að gera því fyllri skil en orðið hafa. En ég er þeirrar skoðunar, að loðnan í stjórnarskránni um forsetavaldið sé frumorsök þess, að flokksforustan riðlaðist svo, sem raun varð á, og smalarnir tóku upp á þeim skolla að eigna sér féð. Vonandi kemur það aldrei oftar fyrir í flokknum.

Þá er spurningin um forsetakjörið. Vissulega þarf það að vera þjóðarkjör, eins og framsögumaður leggur til.

Þjóðin á ávalt að kjósa forsetann, og flokkarnir mega ekki grípa fram í fyrir þegnum með samningum sín á milli. Flokksstund-
ingur við forsetaefni er aftur á móti eðlilegur, því að hvernig er
hægt að kjósa forseta öðruvísi en með því að menn vinni saman, og hvað
er þá eðlilegra en að menn, sem hafa áunnið sér trúnaðartraust hjá
þjóðinni sem stjórnámálamenn, verði í kjöri, framboðnir óflokksbundnir
af ákveðnum mönnum, en studdir af stjórn málaflökki eða flokkum, ef svo
ber undir.

Kjör varaforseta er eðlilegast að fari fram með sama hætti
og samtímis forsetakjörinu, því að einkennilegt er að geta sett sig
við staðgöngu manns eða manna, máske í jafnlangan tíma og forseti situr.
Mætti þá alveg eins hafna forsetaembættinu alveg, og notast við sömu
aðilja sem þá, er koma til greina sem varaforsetar.

Stjórnarmyndun. Mér fannst ræðumenn gera óþarflega grýlu úr vandanum
við stjórnarmyndanir. Stjórnarkreppurnar svonefndu eru að kenna ósið,
sem fest hefur rætur í okkar stjórnmalalífi, svo sem margra annarra þjóða.
En það er, að bera fram vantraust án þess að hafa þingstuddri stjórn
fram að tefla í stað þeirrar, sem á að víkja. Þetta varð auk þess með
sérlega skoplegum hætti 1950. Þá fékk stjórn Sjálfstæðisflokksins van-
traust, en síðan voru fulltrúar flokksins teknir upp á arma vantbreyst-
andanna sjálfra, í nýrri ríkisstjórn, til þess að koma fram þeim höfuð-
málum Sjálfstæðisflokksins, sem voru einmitt átyllan til vantraustsins
á stjórn hans.

Það hefur m.a. verið stungið upp á þingrofi til þess að laysa
stjórnarkreppur, en þar næst forsetastjórn, án afskipta Alþingis, ef
öngþveitið breyttist ekki við nýjar kosningar. Ég fæ ekki skilið, hvers
vegna ekki má spara hið fjárfreka þingrof, úr því að forsetastjórn svo-
nefnd kemur yfirleitt til greina.

En hvað má þá taka til bragðs?

Hugsum okkur að stjórn verði fyrir því að missa fylgi Alþingis. Slíkt getur orðið með ýmsum hætti, t.d. eftir kosningar. Ef vantrausts-ósiðurinn yrði lagður niður, og sú krafa gerð til Alþingis í stjórnarskránni, að afskipti þess af framkvæmdavaldinu sé háð tilnefningu um ráðherra frá meiri hluta Alþingis, þá situr sama stjórnin vitaskuld með fullum sóma áfram, unz forseta hefur borizt frá Alþingi rökstuddur stuðningur við nýja stjórn. Það tvennt þarf að haldast í hendur: Vantraust á stjórn, sem er við völd og traust á nýrri, og verður þá aldrei kreppa. Lögmálið um orsök og afleiðingu gildir jafnt um Alþingi sem önnur öfl, ef jafnvægi á að haldast.

Dómsvaldið. Þar segir í stjórnarskránni:

Dómendur fara með dómsvaldið.. Já, þó það væri, að það sé ekki í höndum presta eða héraðslækna. En hvaða dómendur eru það? Nú er sem kunnugt er flestallir dómendur landsins jafnframt, eða máske aðallega, umboðsmenn og fulltrúar framkvæmdavaldsins, svo að hér er allmjög ruglað reytum milli dómsvalds og framkvæmdavalds.

Dómsvaldið þarf vitaskuld að vera í höndum stofnunar eins og hestaréttar Íslands, sem er algerlega óháð löggjafarvaldi og framkvæmdavaldi, sem hvort tveggja geta átt mál að verja fyrir dómsvaldinu.

Hæstiréttur Íslands er jafn sjálfsagt stjórnarskráratriði og mannréttindaskráin sjálf, því að hún er lítils virði, ef hún er ekki sett í skjóli sjálfstæðs dómsvalds. Gerir þá minna til, þótt aðrir dómendur séu að einhverju leyti trúnaðarmenn framkvæmdavaldsins, ef það er undir eftirliti og á ábyrgð hestaréttar.

En auk þess sjálfsagða atriðis, að hæstiréttur Íslands fari með dómsvaldið fyrst og fremst, samkvæmt beinum fyrirætlum í stjórnarskránni, og beri ábyrgð á öðrum dómendum, þurfa að vera bein tengsl milli þegnanna og hestaréttar, þannig, að þegnarnir geti lagt beint fyrir hæstarétt mál, er varða brot á mannréttindum þeirra, án þess

að þurfa að fara í mál við nokkurn aðilja, ef svo ber undir. Er það svo vitaskuld hæstaréttar að ákveða, hvort málið hlýtur dómsmeðferð eða er vísað frá með rökstuddu álit.

Kjörðæmaskipun. Langtíðræddast varð framsögumanni og tveimur þingfélögum hans um kosningafyrirkomulagið og kjörðæmaskipunina. Og eftir þeim þremur mismunandi sjónarmiðum að dæma, sem fram komu hjá þessum 3 þingmönnum flokksins, er ljóst, að hér er á ferðinni vandamesta atriðið í máli þessu. Ég verð að jata það, að það sló nokkrum óhug á mig eftir þessar þrjár ræður, því að hér er á ferðinni slíkur reginmunur í skoðunum, að búast má við verulegum átökum um málið í flokknum.

Málinu var fylgt úr hlaði með rækilegum málflutningi framsögumanns, en athugasemdir komu frá tveimur þingmönnum, sem eru í andstöðu við hann, og vil ég því leyfa mér að drepa á fáein meginatriði, en hefði afhent framsögumanni ítarlegri greinargerð.

Það eru átök um að hafa tórn eimnenskjörðæmi í landinu, með meirihluta kosningu í hverju þeirra, eða fá og stór kjörðæmi með hlutfallskosningum í hverju og uppþóðasætum eða jafnvel 1 kjörðæmi fyrir allt landið með hlutfallskosningu.

Fyrir þessum mismunandi tillögum hljóta að liggja mismunandi grundvallarsjónarmið, en það verður ekki komizt hjá að minna á, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur tekið sér kjörorðið "stétt með stétt", eða: jafnrétti stéttanna um land allt. Þetta kjörorð er máské fjöregg flokksins, og þess vegna hefir honum ekkert annað kjörorð í kosninga- og kjörðæmamálum en: jafnrétti kjósendanna um land allt.

Verða forustumenn flokksins að hafa fulla einurð til þess að standa fast á hvorttveggja: jafnrétti stéttanna og jafnrétti kjósendanna um land allt.

Vil ég taka fram, að mér hefur fundizt gæta tilslökunar í kjörorði flokksins "stétt með stétt" undanfarin ár, en áframhald í þeim efnum leiðir áreiðanlega til vandræða í flokknum.

Með eintómum einmenniskjörðæmum, eins og tillaga framsögu-
manns hljóðar, er stigið aftur á bak frá því sem gerðist, þegar leið-
réttta átti ranglætið í kjörðæmaskipuninni hér um árið. Og á það skal
bent, að við búum nú við einmenniskjörðæmaskipun fyrir aðeins 45% eða
tæpan helming kjósenda, en 55% kjósendanna kjósa eftir skipulagi hlut-
fallskosninga.

Ef kjörorðið: jafnrétti allra kjósenda, á að vera í heiðri
haft að fullu, er leiðin sú, að fara með hlutfallskosningaskipulagið
upp í 100%, þ.e. taka það upp um land allt.

Það er eina skipulagið, sem getur tryggt, að þingsætahlutfall
flokka haldist í hendur við atkvæðahlutfallið, eða, að hver flokkur
fái hlutdeild í skipun Alþingis eftir kjósendafjöldanum, sem fylgir
honum að málum. Ef þetta sjónarmið er óvéfengt réttlæti, þá er hlut-
fallskosningaskipulagið eina réttláta kosningaskipulagið. Annað skipu-
lag verður þá að víkja fyrir kjörorðinu "Gerð rétt, polið ekki órétt",
sem flokkurinn hefur líka tileinkað sér.

Um kjörðæmaskiptinguna undir skipulagi hlutfallskosninga er
hægt að fara ýmsar leiðir, og setti slíkt ekki að þurfa að festa í
stjórnarskrá.

En í stjórnarskránni þarf að segja beinum orðum, að þing-
flokkur eigi rétt á þingsætum í sama hlutfalli og atkvæðahlutfall hans
segir um, innan eðlilegra, en ákveðinna frávika. En slík frávik leiða
af því, að um 80 þús. manns kjósa aðeins 50 til 60 fulltrúa. Mér hafa
þessa stundina komið til hugar 5% frávik til hvorrar handar við at-
kvæðahlutfallið.

Ef hverjum flokki yrði tryggt að fá þingfulltrúa í hlutfalli
við alla kjörna þingmenn, sem er innan við slíkt ákveðið lágmark og
hámark atkvæða-hlutfallsins (sem talið yrði sanngjarnt), er réttlætinu
fullnægt, eins langt og komist verður.

Þingsætatluna má þá ekki festa í stjórnarskránni, en setjum svo, að samkvæmt kosningalögum sé kosið í 52 þingsæti í alls 6 eða 7 kjörðæmum, þá gæti leikið á 1 eða 2 uppbótarsætum, til þess að fullnægja kröfum stjórnarskrárinnar, og er þá reiknað með 5% frávikum frá atkvæðahlutfallinu.

En kosning í t.d. 6 kjörðæmum getur skapað jafngóð tengsl milli þingfulltrúa og kjósenda í ^{sveitum} sýslum eða kaupstöðum, eins og verið hefur, og fylgir því engin hættu á ofurvaldi þéttbýlisins, eins og framsögumaður virðist óttast; en aftur á móti fylgir því stórum hagkvæmari nýting fjárveitinga til verklegra framkvæmda, en verið hefur í sveitum.

Með fjölgun eimenniskjörðæma er grundvellingurinn alveg kippt undan hugsanlegri jöfnun á hlutfallinu milli þingsæta og atkvæðamagns flokkanna.

Eins og á stóð 1949 eru miklar líkur til þess, að Sjálfstæðisflokkurinn tapi 2 þingsætum (úr 21 í 19), en Framsóknarflokkurinn fái 10 þingsæti umfram það, sem honum ber (úr 13 í 23).

Sjálfstæðisflokkurinn missir sennilega öll sín þingsæti í Árnes., Rangárv., Skagafj. og Eyjafjardarsýslum, og yrði þannig fulltrúalaus í sveitum norðan Hvítár, nema í Austur-Húnavatnssýslu, og á öllu Suðurlandi nema VE. Er augljóst, hver hættu stafar af þessu fyrir flokkinng.

Þar við bætist, að Framsóknarfl. og Alþýðufll. fá möguleika til þess að mynda saman stjórn á ný, og er slíkt óhugnanleg tilhugsun, sællar minningar.

Þá hef ég aðeins 2 eða 3 atriðum við að bæta í þessum athugasemdum, sem ég tel máli skipta.

Hið fyrsta varðar eignarréttinn.

Í núgildandi stjórnarskrá segir:

"Eignarrétturinn er friðhelgur".

"Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenn-

ingsþörf kröfji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir".

Eins og allir vita fullvel, verða eignir manna aðrar en gjafir og erfðir fyrst til, eftir að tekjur þeirra hafa farið gegnum hreinsunareld skattálagningar. Síðan kemur að vísu eignaskattur, en hann er svolítill hluti af eignum manna, að ætla má, að árlegar eignatekjur standi vel undir skattinum, sem er hæst 1%.

Eftir orðalagi greinarinnar um eignarréttinn skyldi maður ætla, að ekki megi skerða verðmæti eigna manna, þótt almenningsheill krefji, heldur aðeins láta menn skipta um eignir, t.d. fasteign fyrir peninga. Og hvergi er það leyft beinum orðum að rjúfa friðhelgi eignanna með sköttum.

Þegar eignarnám þarf að fara fram, ber að meta eignina fullu verði. Slíkt mat er framkvæmt eftir sérstökum lögum, og af óvilhöllum aðiljum.

Þegar eignarskattur er lagður á t.d. fasteign, er eignin einnig metin til verðs af óvilhöllum mönnum eftir sérstökum lögum.

En svo skeður það, með setningu stóreignaskattslaganna svo nefndu, að hvort tveggja reglan er brotin, því að hvort tveggja skeður í senn, að friðhelgi eignarréttarins er rofin, það er, að eignarverðmætið er skert með sköttum, og að algerlega vilhælt mat er lagt á fasteignir og aðrar eignir. Og ekki er til þess vitað, að almenningsheill hafi krafist þessar ráðstafanir.

Mál eru nú rekin fyrir dómstólum, vegna þessara athafna lög-gjafarvaldsins, og þótt menn séu almennt sannfærðir um, að brot hefur verið framið á friðhelgi eignarréttarins, er framkvæmdavaldið á annarri skoðun.

Eitt þessara mála var búið að úrskurða fyrir hæstarétti fyrir s.l. áramót.

Þar var þó einungis úrskurðað, að ákvæðin um stóreignaskattinn og fasteignamatið, mismunaði ekki skattþegnumum svo, að þau yrði felld

úr gildi með dómi.

En þótt mönnum sé ekki misgjunað um of, getur báðum þó verið gert rangt til, og um það var ekki úrskurðað.

Nú segja hin umræddu lög, að eigi maður minna en 300 þús.kr. hreinar eignir, skuli hann engan stóreignaskatt greiða. Eigi heldur skal sá maður greiða skatt af 300 þús.kr., sem meira á en það.

300 þús. kr. eign er þannig friðhelg. En það, sem þan er fram yfir, er ekki friðheilagt. Auk þess að telja nokkurn hluta eignanna þannig friðhelgan fyrir sköttum, en annan hluta ekki, var skatturinn það hér, að hann varð eigi greiddur með eðlilegum tekjum, enda var tekið við skuldabréfum til 20 ára til greiðslu á skattinum, sem staðfestir þá skoðun löggjafarvaldsins sjálfs, að eignaryrnum væri óhjákvæmileg til þess að lúka skattinum.

Með lögnum var því friðhelgi eignarréttarins greinilega rofin.

Hvernig sem málum þessum kann að lykta fyrir hæstarétti, er nauðsynlegt, að stjórnarskráin skýri svo vel mannréttindahugtökin, eins og "friðhelgina", að ekki sé um neitt að villast.

Jafnframt þarf að draga skýr mörk um það, hve hátt megi skatta eignir manna með árlegum sköttum, svo að ekki teljist það eignaskerðing.

Ef það sjónarmið fæst viðurkennt, að árlegur eignarskattur skuli ekki fara út fyrir viss takmörk, ella sé framin eignaskerðing, þá er það ljóst, að jafnframt væri fengin viðurkenning fyrir því, að ekki megi heldur skattleggja neina aðilja svo hátt með skatti af tekjum (útsvar, tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, veltuútsvar eða skattur o.fl., samantekið, sem tekjuskattur), að allur skatturinn fari fram úr tekjum ársins, því að ella yrði framin eignarskerðing af þeim sökum, og yrði slíkt einnig stjórnarskrárbrót.

En eins og menn vita er slík eignaskerðing vegna skatta á tekjum orðin landlæg með þjóð vorri, og er mikill hugur kominn í menn að útrýma þeirri ósvinnu.

En þurfi að skattleggja eignir manna fram yfir hinn árlega eignaskatt, eða fremja eignaskerðingu til almenningsheilla/^{m.ö.o.} þá þarf að vera til ákvæði um, að slík skerðing verði gerð hjá öllum, sem hreinar eignir eiga, og hlutfallslega jafnmikið hjá hverjum.

Þar sem eignarnám, og einnig hvers kyns skatt á eignum er ekki hægt að framkvæma réttlátlega án áðurgengins mats, er einnig nauðsynlegt, að stjórnarskráin feli dómsvaldinu útnefningu óvilhallra matsmanna með beinum ákvæðum.

Með stóreignaskattslögunum gerðist það, eins og kunnugt er, að löggjafarvaldið fór út af lýðræðislegri braut og fram hjá óvilhöllum matsaðiljum, en tók í sínar eigin hendur að ákveða bæði verðmæti eignanna, svo og skattgjaldið, sem leggja skyldi á verðmætið. Þannig fékkst t.d. 30% stóreignaskattur á fasteignir í Reykjavík, en aðeins 15% á sams konar eignir í sveitum. Slíkt vilhallt mat er mannréttindabrot, þótt það kunní máske ekki að vera nógu skýrt ákveðið í núgildandi stjórnarskrá, og þarf því að slá varnagla við því.

Næsta atriðið, sem ég ætla að minnst á, varðar atvinnufrelsi og öryggi.

Í stjórnarskránni segir:

"Engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna, nema almenningsheill krefji, enda þarf lagaboð til".

Þessi ýmsu stuttu ákvæði í stjórnarskrá okkar víðast í fljótu bragði vera víðtæk réttindaákvæði, en þegar lögín koma til skjalanna og lagaframkvæmdirnar, fer oft lítið fyrir réttlætinu.

Lög um stéttarfélag og vinnudeilun eru t.d. lög um atvinnufrelsi, eða eiga að vera það. En ekki get ég fallizt á, að hin víðtæku verkfalls- og verkbannsákvæði boði mikið frelsi, þegar starfsemi manna, sem þó ekki koma vinnudeilum nærri, er lögð niður, og máske lögð í rúst, vegna þess hve víðtækt frelsi manna er til þess að vinna ekki, og hindra

aðra í að vinna. Og öllum er kunnugt um, hve mikil réttarskerðing fer ávalt í kjöfar t.d. verkfalls, þar sem alls kyns ofbeldi er beitt í skjóli þess og látið óátalið, en myndi undir öðrum kringumstæðum vera tekið föstum tókum, sem freklegt lögbrot.

Verkföll og verkbönn eru orðnar úreltar eftirlegukindur frá þeim tíma, sem engar atvinnuþryggingar þekktust, en eiga engan rétt á sér lengur í lýðræðisríkjum, frekar en í alríki sósíalísmans.

Atvinnuþryggingar eru nú óðum að færast í aukana, þótt ekkert segi um þær í stjórnarskránni.

Væri ekki rétt að setja ákvæði um atvinnuþryggingar, sem þjóðfélagsheildin hvort eð er þarf að gefa einstaklingum þjóðarinnar, inn í stjórnarskrá landsins, eins og farið er að gera annars staðar, en láta koma á móti rétt þjóðfélagsins til þess að skipa atvinnumálunum út frá alþjóðarheilli.

Almannatryggingar eru nú á góðri leið með að útrýma sveitarstyrknum.

En þar við bætist, að heilir atvinnuvegir eru nú studdir af almannafé til þess að geta þróast, og þannig er girt fyrir atvinnuleysi, sem ella myndi lama stórar stéttir. Allt þetta gerist með hag einstakra stétta og alþjóðar fyrir augum.

Hvað er þá eðlilegra en á móti komi réttur heildarinnar til þess að forðast atvinnuleysi af verkföllum og verkbönnum, eins og öðrum orsökum.

Tilraunir til þess að forðast verkföll hafa verið uppi á Alþingi, með setningu gerðardómslaga. En gegn þeim lögum var beinlínis gerð upp-
reisn.

Þetta er skiljanlegt. Gerðardómur getur máské kveðið upp réttláta úrskurði í vinnudeilum, en hann getur aldrei öðlast forráðavald gagnvart heilum atvinnustéttum.

Þann rétt getur aðeins Alþingi öðlast og haft, og ekki falið hann öðrum í hendur.

Það er Alþingi, sem á vegum þjóðarinnar á að gera sitt ítrasta til þess að skapa næga atvinnu, með sem bestum kjörum, og greiðir í umboði þjóðarinnar úr vandamálum atvinnulífsins, sem kunna að skapast á hverjum tíma. Einnig er það Alþingi, sem leggur þegnum þjóðarinnar á herðar byrðar til þess að styðja atvinnustéttir, sem eiga í vanda, og þar með styrkja alþjóðarhag.

Til þess að jafnvægi haldist verður það á sama hátt að vera Alþingi, sem sker úr deilum stétta út af atvinnumálum og kjörum, fáist ekki samkomulag rétttra aðilja um það, og vitaskuld þurfa afskipti Alþingis að koma í veg fyrir vinnustöðvanir.

Verði sett í nýja stjórnarskrá ákvæði um atvinnuöryggi, er ekki aðeins um öryggi að ræða, sem fæst með því að skapa nýja vinnu, heldur einnig með því að sporna við vinnustöðvunum, af hvaða rót sem þær eru runnar.

Í nýja stjórnarskrá þurfa því að koma ákvæði, sem gefa Alþingi vald til að girða fyrir verkföll og verkbönn, án þess að mismuna þegnum.

Slík ákvæði verða að taka það skýrt fram, að Alþingi hafi rétt til þess að skera úr vinnudeilum, og beri skylda til þess, ef almenningsheill er sett í vöð.

Er þá aðeins eitt atriði eftir, sem ég tel rétt að benda á.

Það snertir frelsisskerðingu manna vegna afbrota.

Það fer lítið fyrir ákvæðum um refsingar í stjórnarskránni, og ekki er þar lagt bann við dauðarefsingu, sem setti þó að vera stjórnarskrárboð.

Framsögumaður boðaði að vísu, að mannréttindaskrá Sameinuðu þjóðanna skyldi höfð til fyrirmyndar um mannréttindi og má vera, að þetta, sem ég nú minnst á, komi þar til gæina.

Annað ákvæði en bann við dauðarefsingu vildi ég líka geta lesið í stjórnarskrá Íslands, en það er, að ekki megi hegna manni oftari en í eitt skipti fyrir sama brotið.

Alkunnugt er, að refsing er þyngd, ef sá, sem brotið hefur af

sér, hefur áður gerzt brotlegur við lögin.

Hugsum okkur, að tveir menn fremji refsivert lagabrot, og séu báðir jafn brotlegir, en að annar fái þyngri refsingu en hinn, vegna þess að hann hefur áður gerzt brotlegur, máske á sama eða svipaðan hátt.

Þá er auðséð, að verið er að refsa þeim manni að einhverju leyti á ný fyrir brot, sem hann var búinn að taka út hegningu fyrir, eða afplána.

Slíkt er ranglæti, sem stjórnarskráin verður að stemma stigu fyrir.